

3. mars 2017 kl. 8:00

Auka – skólaráðsfundur

Mættir: Björg Baldursdóttir skólastjóri, Örn Guðmundsson og Sigríður Þrúður Stefánsdóttir fulltrúar foreldra og Kristín Björk Viðarsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags. Fulltrúi kennara er Jóhanna Gísladóttir. Sigrún Valdimarsdóttir, aðstoðarskólastjóri ritar fundargerð.

1. Umræður um fyrirhugaða flutninga s.s. viðbrögð foreldrasamfélagsins og starfsmannahópsins, hvernig kennarar fara á milli Fannborgar og Vallargerðis o.þ.h.
2. Flutningar og skipulagsmál

Björg gerir grein fyrir skipulagi vegna breytinga:

- Matarmál 9. og 10. bekkinga: nú er verið að vinna að því að nemendur fái að borða í Fannborg 2, í matsal á annarri hæð, matartími frá 12:00 – 12:30.
- 9. og 10. bekkingar fá rútu frá Vallargerði kl. 8:10 í Fannborg
- 9. og 10. bekkingar ganga á milli í sund, en fá ýmist rútu í íþróttir eða ganga, eftir því hvernig tímarnir liggja í stundatöflu
- Steinar í Ekkó ætlar að vera með hádegisopnun í Fannborg f. nemendur þar eins og við verður komist
- Mikið lagt upp úr að búa nemendum sem bestar aðstæður á öllum vígstöðvum
- Kennarar í Skólagerði þurfa að þrifa bækur og gögn með sérstökum efnum og eru byrjaðir að pakka því sem þeir þurfa til vorsins
- Kennarar sem flytja á milli bygginga fá greidda tíma fyrir að pakka
- Flutningar áætlaðir föstudaginn 10. mars frá hádegi (eitthvað byrjað á fimmtudegi), kennsla fellur niður frá kl. 12:00 þann dag
 - o foreldrar bjóða fram krafta sína, Björg ætlar að kynna sér hvort þörf er á því og lætur vita
- Samráðshópur um framtíð skólahúsnæðis í Skólagerði hefur verið myndaður, þar situr Björg ásamt sviðsstjórum og deildarstjórum frá Kópavogsbæ, samþykkt liggur fyrir að fulltrúi foreldra sitji í samráðshópnum, hugmynd að fá fulltrúa kennara líka (ekki frágengið). Hópurinn mun funda reglulega.
 - o Fulltrúar foreldrafélagsins á Skólaráðsfundi senda út á stjórn foreldrafélagsins og tilnefna sinn fulltrúa.
 - o Foreldrafélagið hefur rætt hvort foreldrar eigi að búa til þrýstihóp til að óska eftir byggingu nýs skóla (s.s. ekki laga bygginguna), ætla að bíða með að ákveða það og heyra hvað kemur frá samráðshópnum.
- Nú er aðeins verið að horfa í að leysa málin fram á vor, eftir flutninga verður farið að skoða hvernig framhaldið verður.
- Foreldrum í 1. bekk var boðið á fund með Björgu skólastjóra til að ræða staðsetningu þeirra, foreldrar 4ra barna mættu.
- Fyrsta vikan eftir flutninga mun ekki ganga áfallalaust fyrir sig, þá rekumst við á ýmsa hnökra sem þarf að lagfæra og við gefum okkur að forgangsraða verkefnum þá.
- Flutningar og breytingarnar á húsnæði eru forgangsatríði starfsmanna Kópavogsbæjar.

3. Bekkjarfulltrúar

- Foreldrafélagið er með hugmynd að því að virkja nemendur í að fá bekkjarfulltrúa foreldra. Fulltrúar nemenda ekki mættir og foreldrar ætla að finna lausn á því hvernig þeir nálgast þá.

4. Snjómokstur

- Fulltrúi foreldrafélagsins áréttar að snjómokstur við skólabyggingar og göngustíga sé ábótavant og þurfi að vera forgangsatriði í ruðningi. Ósk til Bjargar að herja á að snjómokstur á gönguleiðum næst skólanum verði settur í forgang 1.

Fundi slitið 08:40.